

Sjúkrakostnaðartrygging Launþega

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingarsvið.....	3
2. gr.	Hvar vátryggingin gildir.....	3
3. gr.	Grundvöllur samnings og gildistaka.....	3
4. gr.	Gildistími – endurnýjun.....	3
5. gr.	Iðgjaldið gjalddagi vanskil uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu.....	3
6. gr.	Áhættubreyting.....	4
7. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum.....	4
8. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	5
9. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði.....	5
10. gr.	Brot á varúðarreglum.....	5
11. gr.	Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.....	5
12. gr.	Ráðstafanir vegna slyss.....	6
13. gr.	Vátryggingarfjárhæð.....	6
14. gr.	Eigin áhætta.....	6
15. gr.	Greiðslur bóta.....	6
16. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón.....	6
17. gr.	Fyrning.....	6
18. gr.	Ágreiningur.....	6
19. gr.	Varnarþing.....	6
20. gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	7

1. gr. Vátryggingarsvið

- 1.1 Vátryggingin greiðir innlendan sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi vátryggðs gegn framvísun reikninga eða greiðslukvittana. Hámarksfjárhæð bóta vegna sjúkrakostnaðar er tilgreind í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Félagið greiðir ekki sjúkrakostnað sem vátryggðum er unnt að fá endurgreiddan frá Tryggingastofnun ríkisins. Nánar tiltekið er sá sjúkrakostnaður sem vátryggingin bætir læknis- og sérfræðikostnaður, kostnaður vegna hjúkrunar, lyfjakostnaður svo og meðferð samkvæmt læknisvottorði.
- 1.2 Með orðinu "slys" er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.
- 1.3 Bætur greiðist því aðeins, að slysið sé aðalorsök þess, að vátryggður þurfi að greiða sjúkrakostnað.
- 1.4 Vátryggingin greiðir ekki kostnað vegna viðgerðar á tönnum sem brotna eða laskast hafa við slys.

2. gr. Hvar vátryggingin gildir

- 2.1 Vátryggingin gildir einvörðungu í starfi vátryggðs fyrir vátryggingartaka svo og á beinni leið til og frá vinnustað vátryggðs.

3. gr. Grundvöllur samnings og gildistaka

- 3.1 Grundvöllur vátryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á vátryggingarbeiðninni og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar.
- 3.2 Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu. Semja má skriflega um annan gildistökuáttíma.
- 3.3 Félagið getur óskað eftir nýjum upplýsingum um áhættuna í tengslum við endurnýjun vátryggingarinnar.

4. gr. Gildistími – endurnýjun

- 4.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.2 Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 4.3 Félagið tilkynnir vátryggingartaka í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja vátrygginguna.
- 4.4 Vátrygging til skemmri tíma en eins árs endurnýjast ekki nema eftir umsókn.

5. gr. Iðgjaldið gjalddagi vanskil uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

5.1. Iðgjaldið

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

5.2. Ákvörðun iðgjalds

Í upphafi hvers vátryggingarárs skal áætla iðgjald samkvæmt upplýsingum vátryggingartaka um áætlaðan fjölda vinnuvikna í hverjum áhættuflokki. Vátryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan

tveggja mánaða frá lokum váttryggingarársins, allar þær upplýsingar, sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar iðgjaldsákvörðunar. Vanræki váttryggingartaki að gefa upplýsingarnar í tæka tíð, má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt. Ef hið endanlega iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald það, sem greitt hefur verið, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningurinn fór fram.

5.3 Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

5.4 Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaratburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánuðina frá útgáfu váttryggingarinnar.

6. gr. Áhættubreyting

6.1 Iðgjaldið er háð starfi váttryggðs. Sérhverja breytingu, sem kann að verða á starfi hins váttryggða eða öðrum atriðum sem fram koma í váttryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins, ber að tilkynna félaginu tafarlaust, svo að það geti dæmt um, hvort váttryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

6.2 Sé slík tilkynning ekki send félaginu í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir að breytingin varð, og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verði ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir hvert váttryggingartilvik, sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að bótagreiðslur gætu fallið niður eða orðið lægri en váttryggingarfjárhæð segir til um, enda hefði félagið hafnað váttryggingu eða veitt álag á iðgjald hefði því verið kunnugt um hið nýja starf. Við mat á ábyrgðinni skal miðað við það iðgjald sem félagið hefði kafið um ef það hefði vitað um breytingar á aðstæðum váttryggðs.

6.3 Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

7. gr. Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

7.1 ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

7.2 ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

7.3 eftir að tjón hefur orðið, ef

- váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
- váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
- fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

7.4 ef starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:

- félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
- það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurbyggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

- 7.5 við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
- 7.6 Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

8. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

8.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

8.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

9. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

9.1 Ásetningur

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

9.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

10. gr. Brot á varúðarreglum

10.1 Varúðarreglur eru háttænisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón.

10.2 Hafi vátryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki:

11.1 Sjúkrakostnað, sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða.

11.2 Sjúkrakostnað vegna slyss er vátryggður verður fyrir í handalögmáli nema slysið sé afleiðing eðlilegra sjálfsvarnarviðbragða eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.

11.3 Sjúkrakostnað vegna slysa sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.

11.4 Sjúkrakostnað vegna slyss sem orsakast af neyslu vímuefna.

11.5 Sjúkrakostnað vegna slyss vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.

11.6 Sjúkrakostnað af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

12. gr. Ráðstafanir vegna slyss

12.1 Slasaða ber að leita læknis strax, eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

12.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

12.3 Þegar slys ber að höndum, er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan.

13. gr. Váttryggingarfjárhæð

13.1 Váttryggingarfjárhæðin er samkvæmt samningi um váttrygginguna milli váttryggingartaka og félagsins. Þar er jafnframt kveðið á um reglur varðandi vísitölubindingu váttryggingarfjárhæðarinnar. Váttryggingarfjárhæð þessi er hámark bótaskyldu félagsins vegna allra bótaskyldra tilvika sem upp kunna að koma á váttryggingartímabilinu.

13.2 Upplýsingar um váttryggingarfjárhæð koma fram í váttryggingarskírteini.

14. gr. Eigin áhætta

14.1 Í hverju bótaskyldu tilviki ber váttryggður tiltekna eigin áhættu.

14.2. Upplýsingar um fjárhæð eigin áhættunnar koma fram í váttryggingarskírteini.

15. gr. Greiðslur bóta

15.1 Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bóta.

15.2 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

16. gr. Frestur til að tilkynna um tjón

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

16.1 hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;

16.2 hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004

17. gr. Fyrning

17.1 Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Ágreiningur

18.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

18.2 Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

19. gr. Varnarþing

19.1 Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

20. gr. Vernd persónuupplýsinga

- 20.1 Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.
- 20.2 Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.
- 20.3 Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. mars 2009

[Efst á skjal](#)